

Fundargerð

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 17. janúar 2023

Mætt: Aldís Rún Lárusdóttir, Helga Guðný Sigurðardóttir, Indriði Ingi Stefánsson, Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, Rikke Pedersen, Súsanna Pétursdóttir, Þorleif Kristín Hauksdóttir, Ragna Finnbogadóttir, Björg Baldursdóttir skólastjóri.

Fjarverandi: Aðalsteinn Möller

1. Fundagerð seinasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Samtal við skólastjóra.

Rætt var um ýmis málefni skólans, samstarf við foreldra, mötuneyti.

Björg segir að unnið sé að því að aðlaga magn af pöntuðum mat út frá því sem er í matinn. Einnig eer verið að höfða til skynsemi hjá krökkunum um að fá sér hóflega í fyrstu umferð. Stundum er smá bið eftir að meiri mat (á meðan verið er að hita hann) og getur verið að einhverjir haldi þá að ekki sé meiri matur í boði.

Björg búin að bjóða uppá kaffispjall með foreldrum, fyrsta spjall í feb/mars. Þar er hægt að ræða almenn mál en ekki mál sem varða einstaklinga.

3. Fjármál og rukkun.

Súsanna er komin með aðgang að öllu, þmt. aðgang til þess að millifæra. Félagsgjöld, rukkun send út sem valgreiðsla sem fyrst.

4. Námskeið frá Heimili og skóla.

Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa miðvikudaginn 8. febrúar. Rikke bókar og fær nákvæma tímasetningu. Ragna sendir út auglýsingu.

5. Foreldraröltið.

Samstarfsfundur með lögreglunni fyrir röltfulltrúa í Kópavogi. Þorleif mætir.

Búið að færa töskuna á Mossley. Smá byrjunarörðuleikar þar sem ekki allt starfsfólk vissi af töskunni. Hún er staðsett inni á lager, svört skjalataska.

6. Umferðaröryggi á Kársnesi.

Punkti frestað.

7. Samstarf stjórnar foreldrafélags við Ekkó.

Jóhanna Aradóttir er í forsvari fyrir Ekkó. Bjóðum henni á næsta fund. Kristjana heyrir í henni.

6. Stafrænt ofbeldi og einelti.

Kristjana mætti á fræðslu um einelti og netnokun barna. Mjög áhugavert. Mikilvægt að leiðir til að tilkynna svona sé ljósar.

Björg segir að Kársnesskóli sandi nokkuð vel miðað við aðra skóla. Það var áður tilkynningahnappur á heimasíðu skólans, hann reyndist ekki vera í samræmi við persónuverndarlög.

Það er eineltisteymi sem tekur á málum sem berast. Ábendingar geta komið úr ýmsum áttum, ekki alltaf frá málsaðilum sjálfum. Teymið skipa námsráðgjafi, stjórnendur og fleiri, stundum umsjónarkennari.

Mikilvægt að virða aldurstakmörk á samskiptamiðlum. Skoða innihald síma barnanna.

Það er erfitt fyrir skólann að grípa inni mál sem eiga sér stað í netheimum.

7. Taflborð.

Björg segir mikinn áhuga á skák á elsta stigi. Stefnum á að kaupa 12-14 hefðbundin taflborð þannig að hægt sé að vera með skák í heilum bekk í einu. Kristjana gerir drög að styrkumsókn og Indriði og Aldís skoða.

8. Önnur mál.

Húsnæðismálin.

Núna eru 658 nemendur í skólanum. 77 eru að koma í 1. bekk í haust en 50 að útskrifast næst. Búið að óska eftir 2 lausum kennslustofum sem munu líklega vera staðsettar í suðvesturhorni lóðarinnar. Skoða að færa körfur ef hægt.

Viðgerðum lokið á vesturganginum, kennsla fór inn í stofurnar í dag. Það er ein kompa og einn gangur sem þarf að skoða betur og mögulega laga. Búið að loka þessi svæði af. Þess er gætt að flóttaleiðir séu greiðar.

Starfsfólk á hrós skilið fyrir að hafa tekist vel á við erfiða tíma og sýnt mikla þrautseigju og sveigjanleika.

Skólasund í 10. bekk.

Menntaráð í Kópavogi ákvað að framvegis sé hægt að taka stöðupróf í sundi í 9. bekk og þá ekki vera í skólasundi í 10. Bekk. Kársnesskóli reiknar með að taka þetta upp næsta vetur.

Netfang foreldrafélags.

foreldrafelag-kars@kopavogur.is

Fundarritari: Aldís